

Hulda Kristjánsdóttir

From: Oddur og Hrafnhildur Stöðulfelli <stodulfell@gmail.com>
Sent: laugardagur, 1. febrúar 2025 10:42
To: Guðni Magnús Eiríksson - FISK; skeidgnup@skeidgnup.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; ry@ry.is; asahreppur@asahreppur.is
Subject: Efnistaka í Þjórsá
Attachments: 20200131 tillaga að bréfi (1).docx

Vegna mistaka fór viðhengið ekki með póstinum í gær, vonandi rétt núna.

KV.

Oddur

Góðan og blessaðan daginn.

Á síðasta stjórnarfundum Veiðifélags Þjórsár var mér undirrituðum falið að vekja athygli þeirra sem málið varðar (sjá viðhengi) á efnistöku úr Þjórsá og að brugðist verði við þar sem augljóst er að farið er á skjön við það sem lög um Lax og silungsveiðilög segja til um.

Með best kveðjum.

Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Þjórsár.

Oddur Guðni Bjarnason.

Formaður.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Guðni Magnús Eiríksson - FISK <Gudni.M.Eiriksson@fiskistofa.is>
Sent: föstudagur, 7. febrúar 2025 09:16
To: Oddur og Hrafnhildur Stöðulfelli; skeidgnup@skeidgnup.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; ry@ry.is; asahreppur@asahreppur.is
Subject: RE: Efnistaka í Þjórsá

Sæll Oddur

Sjá má þau leyfi sem í gildi eru á Hafsjá:

<https://atlas.lmi.is/mapview/?app=haf&l=is&c=-1868853,9544533&z=1.7&ls=254,284,4477,248,243>

Fiskistofa hefur ekki til til umfjöllunar umsókn um leyfi vegna efnistöku á umræddu svæði og ekki er í gildi leyfi vegna efnistöku þar.

Fiskistofa mun senda eftirlitsmenn á staðin til að kanna málið.

Ert þú með myndir af vettvangi ?

Er efnistakan nær Þjórsá en 100m ?

Kv. Guðni

Guðni Magnús Eiríksson, PhD
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs
Sími: 569 7900
gudni.m.eiriksson@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

From: Oddur og Hrafnhildur Stöðulfelli <stodulfell@gmail.com>
Sent: laugardagur 1. febrúar 2025 10:42
To: Guðni Magnús Eiríksson - FISK <Gudni.M.Eiriksson@fiskistofa.is>; skeidgnup@skeidgnup.is; floahreppur@floahreppur.is; ry@ry.is; asahreppur@asahreppur.is
Subject: Efnistaka í Þjórsá

Vegna mistaka fór viðhengið ekki með póstinum í gær, vonandi rétt núna.

KV.

Oddur

Góðan og blessaðan daginn.

Á síðasta stjórnarfundum Veiðifélags Þjórsár var mér undirrituðum falið að vekja athygli þeirra sem málið varðar (sjá viðhengi) á efnistöku úr Þjórsá og að brugðist verði við þar sem augljóst er að farið er á skjön við það sem lög um Lax og silungsveiðilögin segja til um.

Með best kveðjum.

Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Þjórsár.
Oddur Guðni Bjarnason.

Til þeirra er málið varðar

Vegna efnistöku í Þjórsá

Málið varðar Fossnes, (Haga, Minni Núp, Stóra Núp.)

Á undanfarandi árum hefur farið fram nokkur efnistaka á bökkum Þjórsár fyrir landi Fossnes í Skeiða og Gnúpverjahreppi.

Efnistaka hefur aukist, orðin enn meiri og víðtækari og hefur verið farið í farveg árinna og leiðigarður settur til að veita ánni frá eyrunum til að auðvelda efnistöku.

Lög um lax og silungsveiði nr.61 frá 2006 gilda um framkvæmdir í ám og vötnum.

Í 19. grein lagana segir um markmið og gildissvið;

Framkvæmd í veiðivatni: Hverskonar framkvæmd í og við veiðivatn, svo sem mannvirki, efnistaka eða jarðrask, sem hefur áhrif á lífríki, rennsli, veiði og ásýnd veiðivatns.

Í 33 gr. lagana segir um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn.;

■ **33. gr.** Um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum.

Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigenqð þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi [Fiskistofu].¹⁾ Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt [skipulagslögum og lögum um mannvirki]²⁾ og reglum settum samkvæmt þeim.

Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til [Fiskistofu]¹⁾ um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi [Fiskistofu]¹⁾ skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.

Ef sérstök ástæða þykir til getur [Fiskistofa]¹⁾ krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmdar er veitt. [Fiskistofa]¹⁾ getur í slíkum tilvikum kveðið nánar á um til hvaða þátta úttektin skuli ná.

Kostnaður vegna nauðsynlegra líffræðilegra úttekta skal greiddur af þeim sem óskar eftir leyfi til framkvæmda. [Fyrir útgáfu leyfis skv. 1. málsl. 1. mgr. greiðist gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.]³⁾

¹⁾L. 81/2008, 8. gr. ²⁾L. 123/2010, 57. gr. ³⁾L. 67/2015, 13. gr.

Stjórn Veiðfélags Þjósár óskar eftir upplýsingum um hvort landeigendur hafi sótt um leyfi fyrir efnistöku af eyrum Þjósár til Fiskistofu eins og lögin kveða á um.

Farið er fram á að svör berist innan 14.daga frá dagsetningu þessa bréfs.

31.janúar 2025

Fyrir hönd Veiðifélags Þjósár.

Oddur Guðni Bjarnason

formaður Veiðifélags Þjósár

afrit sent Fiskistofu, Skeiða og Gnúpverjahrepp, Rangárþingi Ytra, Ásahrepp og Flóahrepp.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>
Sent: föstudagur, 7. febrúar 2025 10:57
Subject: Opið samráð um áform um lagasetningu - mat á fjárhagslegum áhrifum frumvarpa á sveitarfélög

Ágæti viðtakandi

Innviðaráðuneytið vekur athygli á því að opið samráð stendur nú yfir um áform um breytingar á sveitarstjórnarlögum, n.tt. 129. gr. laganna um mat á fjárhagslegum áhrifum lagafrumvarpa á sveitarfélög. Markmiðið með lagabreytingunni er að bæta gæði endanlegs áhrifamats á sveitarfélög og leggja til leiðir til að skera úr um ágreining ríkis og sveitarfélaga vegna kostnaðarauka sveitarfélaga.

Frestur til að skila inn umsögn um áformin er til og með 17. febrúar nk.

Bestu kveðjur,
Jóhanna



Jóhanna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri / Project Manager
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local government and Regional affairs
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Hulda Kristjánsdóttir

From: Óttar Guðjónsson <ottar@lanasjodur.is>
Sent: þriðjudagur, 11. febrúar 2025 10:09
To: Óttar Guðjónsson
Subject: Bréf til allra sveitarstjórna frá tilnefningarnefnd Lánasjóðsins
Attachments: Scan_Óttar Guðjónsson_202502110953.pdf

Til allra sveitarstjórna

Hér með sendist meðfylgjandi bréf frá tilnefningarnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., dags. 11. febrúar 2025, þar sem auglýst er eftir framboðum til stjórnar og varastjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga. Áformað er að halda aðalfund Lánasjóðsins síðdegis fimmtudaginn 20. mars 2025 á Hilton Reykjavík Nordica, en fundurinn verður boðaður sérstaklega síðar í samræmi við lög um hlutafélög.

Frestur til að skila framboðum eða tilnefningum til tilnefningarnefndar rennur út kl. 12 á hádegi miðvikudaginn 24. febrúar 2025.

Bestu kveðjur

Fh. tilnefningarnefndar Lánasjóðsins

Óttar Guðjónsson

Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri (e. CEO) Lánasjóður sveitarfélaga (e. Municipality Credit Iceland)
Direct (+354) 515 4948, Mobile (+354) 895 4567, e-mail: ottar@lanasjodur.is

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 11. febrúar 2025

1503002LA ÓG
Málalykill:711

Efni: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Láнасjóðs sveitarfélaga

Aðalfundur Láнасjóðs sveitarfélaga kaus á síðasta aðalfundi tilnefnarnefnd til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins. Tilnefningarnefnd skípa Magnús B. Jónsson, formaður, Rósa Guðbjartsdóttir og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. Áformað er að halda aðalfund félagsins þann 20. mars næstkomandi Hilton Reykjavík Nordica. Tilnefningarnefnd mun taka við og fara yfir framboð til stjórnar og varastjórnar og gera tillögu til aðalfundar.


Um framboð og kjör til stjórnar gilda hlutafélagalög nr. 2/1995, og lög um fjármálafyrirtæki 161/2002. Jafnframt er farið að leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (www.leidbeiningar.is) að eins miklu leyti og unnt er.

Tilnefningarnefnd óskar eftir að tilnefningar og/eða framboð séu send í síðasta lagi kl 12:00 á hádegi miðvikudaginn 24. febrúar nk. til Magnúsar B. Jónssonar formanns nefndarinnar, mbjorn@simnet.is. Framboðum þurfa að fylgja upplýsingar svo tilnefningarnefnd geti tekið afstöðu til þekkingar, reynslu og almenns hæfis frambjóðenda.

Upplýsingar um tillögur tilnefningarnefndar verða birtar á heimasíðu Láнасjóðsins um leið og unnt er, í síðasta lagi viku fyrir aðalfund á slóðinni www.lanasjodur.is/tilnefningarnefnd-2025.

Tilnefningarnefnd óskar eftir að sveitarstjórnarmönnum sé kynnt innihald bréfs þessa eins fljótt og unnt er til að áhugasömum gefist tími til að skila inn tilnefningum og/eða framboðum.

Virðingarfyllst fh. tilnefningarnefndar
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA


Óttar Guðjónsson

Hulda Kristjánsdóttir

From: Hulda Kristjánsdóttir
Sent: þriðjudagur, 11. febrúar 2025 15:04
To: 'landsbankinn@landsbankinn.is'
Cc: Árni Eiríksson
Subject: Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps
Attachments: Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps vegna lánamála hjá Landsbankanum.pdf

Góðan dag


Ég óska eftir því að viðhengi þessa pósts berist til bankastjóra og framkvæmdastjórnar Landsbankans hf. við fyrsta tækifæri.

Von er á frumriti bréfs í ábyrgðarpósti til bankastjóra, Lilju Bjarkar Einarsdóttur.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps
Hulda Kristjánsdóttir

Hulda Kristjánsdóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps
hulda@floahreppur.is
www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg





Þingborg, 10.02.2025

Bankastjóri Landsbankans
Lilja Björk Einarsdóttir

Efni: Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps frá 4. febrúar 2025

Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar Flóahrepps frá 312. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps:

„Lánamál í dreifbýli hjá Landsbankanum

Sveitarstjórn Flóahrepps vill koma á framfæri óánægju sinni varðandi lánamál í dreifbýli hjá Landsbankanum. Ljóst er að Landsbankinn hefur hafnað lánsveitingu íbúðarlána í Flóahreppi og víðar í dreifbýli í nágrennasveitarfélögum sem hefur haft neikvæð áhrif á íbúðarkaup og uppbyggingu. Landsbankinn hefur gefið þau svör að bankinn veiti almennt ekki íbúðalán vegna íbúðarhúsnæðis sem stendur á stökum íbúðarhúsalóðum í dreifbýli en að íbúðarhúsnæði á bújörðum, með veði í viðkomandi bújörð, uppfylli skilyrði um íbúðalán hjá bankanum. Sömuleiðis gefur Landsbankinn þau svör að bankinn skoði og meti hvert tilvik fyrir sig og að meðal þess sem lagt sé mat á sé staðsetning, skipulagsmál og þjónusta, bæði á staðnum og af hálfu viðkomandi sveitarfélags.

Hlé var gert á fundi í 5 mínútur.


Sveitarstjórn Flóahrepps gagnrýnir þau vinnubrögð og þær reglur sem viðhafðar eru hjá Landsbankanum og telur að þau rök sem gefin eru standist ekki skoðun. Í Flóahreppi hefur virði eigna hækkað mikið undanfarin ár, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði á stökum íbúðarhúsalóðum eða íbúðarhúsnæði á bújörðum. Vegna nálægðar við stærsta þéttbýli Suðurlands er þjónusta við íbúa góð, innviðir í sveitarfélaginu eru sterkir og búsetuskilyrði öll hin bestu. Að mati sveitarstjórnar er Landsbankinn að gera einkaaðilum og sveitarfélögum málin erfið í þeirri miklu uppbyggingu sem hefur verið og er framundan á svæðinu. Varla þarf að benda á skort á fjölbreyttu húsnæði á landsvísu og er uppbygging á þessu svæði rökrétt með tilliti til nálægðar við þéttbýliskjarna, góðar samgöngur og innviði, skóla og aðra nauðsynlega þjónustu. Sveitarstjórn Flóahrepps hvetur stjórnendur Landsbankans til að endurskoða reglur og verklag vegna lánsveitinga í dreifbýli á svæðinu og láta þannig af þeirri mismunum sem viðgengst vegna búsetu þegar kemur að fjármögnun íbúðarhúsnæðis.

Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir skriflegum viðbrögðum við bókun þessari innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessarar bókunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.“

Bókun sveitarstjórnar tilkynnist hér með og er það áréttað að sveitarstjórn óskar eftir skrifleglegum viðbrögðum við bókuninni.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps


Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

INNLENT

Vilja að bankinn „láti af mismunun“ og telja rök hans ekki halda vatni

Elín Margrét Böðvarsdóttir skrifar © 10. febrúar 2025 17:27



Nýjar höfuðstöðvar Landsbankans Landsbankinn

Sveitarstjórn Flóahrepps gagnrýnir vinnubrögð Landsbankans og þær reglur sem bankinn hefur viðhaft vegna lána til íbúðarhúsnæðis í dreifbýli. Sveitarstjórnin telur röksemdir bankans ekki standast skoðun og er það mat sveitarstjórnar að nálgun bankans hafi neikvæð áhrif og geri

einkaaðilum og sveitarfélögum erfitt fyrir í þeirri uppbyggingu sem hafi staðið yfir og framundan sé á svæðinu.

Sveitarstjórnin vill að stjórnendur bankans endurskoði reglur og verklag vegna lánsveitinga í dreifbýli og „láta þannig af þeirri mismunun“ sem hafi viðgengst gagnvart búsetu í dreifbýli. Hefur sveitarstjórnin komið óánægju sinni á framfæri og hefur óskað eftir skriflegum svörum frá Landsbankanum vegna málsins innan fjögurra vikna.

Þetta kemur fram í bókun sveitarstjórnar Flóahrepps sem grein er gerð fyrir í fundargerð sveitarstjórnarfundar sem fram fór á þriðjudaginn í síðustu viku, þann 4. febrúar.

Fram kom í fréttum í lok janúar að svo virðist sem strangari lánareglur gildi um íbúðarlán í dreifbýli hjá Landsbankanum en hjá hinum stóru bönkunum. Þetta vakti furðu Sigurðar Inga Jóhannssonar, formanns Framsóknarflokksins, sem hafði fengið erindi um málið inn á sitt borð þegar hann gegndi embætti fjármálaráðherra.



Telur furðulegt að „banki allra landsmanna“ veiti ekki íbúðalán í dreifbýli - Vísir

Samkvæmt heimildum fréttastofu eru dæmi um að Landsbankinn hafi dregið í land með fyrirhugaða lánveitingu vegna „ágalla“ sem heimili ekki veitingu íbúðarláns. Ágallinn sem þar er vísað til er sá að húsnæðið er staðsett í dreifbýli.

 visir.is /

Fram kemur í bókun sveitarstjórnar Flóahrepps að ljóst sé að Landsbankinn hafi hafnað lánsveitingu íbúðarlána í Flóahreppi og víðar í dreifbýli í nágrennasveitarfélögum sem hafi haft neikvæð áhrif á íbúðarkaup og uppbyggingu.

„Landsbankinn hefur gefið þau svör að bankinn veiti almennt ekki íbúðalán vegna íbúðarhúsnæðis sem stendur á stökum íbúðarhúsalóðum í dreifbýli en að íbúðarhúsnæði 1351 á

bújörðum, með veði í viðkomandi bújörð, uppfylli skilyrði um íbúðalán hjá bankanum. Sömuleiðis gefur Landsbankinn þau svör að bankinn skoði og meti hvert tilvik fyrir sig og að meðal þess sem lagt sé mat á sé staðsetning, skipulagsmál og þjónusta, bæði á staðnum og af hálfu viðkomandi sveitarfélags,“ segir í bókun sveitarstjórnar, en þetta rímar við það sem fram kemur í svörum bankans í tengslum við fyrri umfjöllun fréttastofu um málið.

Telja rök bankans ekki standast skoðun

Bankinn brást hins vegar aftur við í kjölfar umfjöllunar og dró þá nokkuð í land, en hélt því þó áfram til haga að umsóknir um íbúðarlán í dreifbýli kalli á ýtarlegri skoðun. Fyrir liggur að dæmi eru um að bankinn hafi synjað lánsúmsóknum viðskiptavina á þeim forsendum að reglur bankans um íbúðalán heimili einungis veitingu íbúðarláns vegna húsnæðis sem skráð er í þéttbýli.



Landsbankinn sé „svo sannarlega“ enn banki allra landsmanna - Vísir

Umsóknir um íbúðarlán vegna húsnæðis í dreifbýli kalla á ýtarlegri skoðun en þegar kemur að ákvörðun um lánveitingu vegna húsnæðis í þéttbýli. Þetta segir framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum, sem segir bankann vissulega veita lán um land allt, þrátt fyrir að...

 visir.is /

Að mati sveitarstjórnarinnar halda rök Landsbankans hins vegar ekki vatni. „Sveitarstjórn Flóahrepps gagnrýnir þau vinnubrögð og þær reglur sem viðhafðar eru hjá Landsbankanum og telur að þau rök sem gefin eru standist ekki skoðun. Í Flóahreppi hefur virði eigna hækkað mikið undanfarin ár, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði á stökum íbúðarhúsalóðum eða íbúðarhúsnæði á bújörðum. Vegna nálægðar við stærsta þéttbýli Suðurlands er þjónusta við íbúa góð, innviðir í sveitarfélaginu eru sterkir og búsetuskilyrði öll hin bestu,“ segir í bókuninni sem samþykkt var með fimm atkvæðum allra fundarmanna.



Flóahreppur
Þingborg
803 Selfoss
floahreppur@floahreppur.is

Reykjavík, 31.12.2024

Skilagrein vegna sérsöfnun umbúða hjá sveitarfélögum

Meðfylgjandi er yfirlit yfir greiðslur Úrvinnslusjóðs vegna sérsöfnunar sveitarfélaga sem tekið hefur verið á móti við heimili, á söfnunarstöð og við grenndargáma.

Greitt er fyrir tímabilið október – desember, ásamt eftirstöðvum 2024 ef einhverjar.

	Grenndargámar	Heimatunnur	Söfnunarstöðvar	Samtals
Pappaumbúðir	7.295	1.229.359	-	1.236.655
Plastumbúðir	21.949	825.913	-	847.862
Glerumbúðir	-	-	-	-
Málmumbúðir	61.037	-	-	61.037
Helldargreiðsla				2.145.553 kr

Athugið að greiðslur eru án VSK

Greitt verður inná bankareikning skv. eftirfarandi upplýsingum:

Kennitala 600606-1310
Bankanúmer 0152-26-000780

Greiðsla						
Innihald	Aðstaða	Annað	Ílát	Söfnun	Samtals	
Grenndargámar	7.994	2.386	35.383	44.518	90.281	
Málmsöfnun						
Málmumbúðir	5.405	1.617	29.463	24.553	61.037	
Pappasöfnun						
Pappaumbúðir	647	189	945	5.514	7.295	
Plastsöfnun						
Plastumbúðir	1.943	581	4.975	14.451	21.949	
Heimatunnur	-	59.996	176.641	1.818.635	2.055.272	
Pappasöfnun						
Pappaumbúðir	-	35.897	104.346	1.089.116	1.229.359	
Plastsöfnun						
Plastumbúðir	-	24.098	72.295	729.520	825.913	
Samtals	7.994	62.382	212.024	1.863.153	2.145.553	

Söfnun	Innihald	Grenndargámar	Heimatunnur	Alls kg.
Málmsöfnun				
	Málmumbúðir	610		610
Pappasöfnun				
	Pappaumbúðir	137	5.671	5.808
	Annar pappír	54	2.226	2.280
	Annað	12	504	516
Plastsöfnun				
	Plastumbúðir	103	1.905	2.008
	Annað plast	17	320	337
	Annað	30	556	586
Alls kg.		963	11.183	12.146



Flóahreppur
Þingborg
803 Selfoss

Reykjavík, 10.2.2025

Greiðsla til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar á umbúðum fyrir janúar 2025.

Úrvinnslusjóður hefur tekið upp breytt fyrirkomulag á greiðslum til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar á umbúðum á fyrstu sex mánuðum ársins 2025. Þessar breytingar eru liður í aðlögun að nýju kerfi og eiga sér stað í tengslum við innleiðingu nýrrar gagnagáttar Úrvinnslusjóðs.

Með tilkomu nýrrar gagnagáttar verður öflun og skil söfnunarupplýsinga frá sorphirðuaðilum skilvirkari og markvissari, en tímabundna fyrirkomulagið er nauðsynlegt til að tryggja samfellu í greiðslum á meðan nýja kerfið er tekið í notkun. Fyrirkomulagið verður endurskoðað um mitt ár 2025.

Með vísan til bréfs, dags. 20.12.2024 sent með tölvupósti, kemur fram nánari útskýring á málinu. Ef frekari skýringar eða viðbótarupplýsingar eru nauðsynlegar, er ykkur velkomið að hafa samband.

Greiðslur á mánuði fyrir þitt sveitarfélag skiptast með eftirfarandi hætti:

Athugið að greiðslur eru án VSK.

Úrgangsflokkur	Mánaðargreiðsla
Glerumbúðir	4.644
Pappaumbúðir	391.441
Plastumbúðir	248.513
Samtals	644.598

Greitt verður inn á bankareikning skv. eftirfarandi upplýsingum:

Kennitala 600606-1310
Bankanúmer 0152-26-000780

Hulda Kristjánsdóttir

From: Landsnet <landsnet@landsnet.is>
Sent: föstudagur, 14. febrúar 2025 10:32
Subject: Magnast spennan? - Vorfundur Landsnets 5. mars kl. 14:00

20 LANDSNET

[Skoða í vafra](#)

VORFUNDUR LANDSNETS

MAGNAST SPENNAN?

Orkuöryggi í breyttu umhverfi

5. MARS Í HÖRPU

TAKTU DAGINN FRÁ

Vorfundur Landsnets verður haldinn í Hörpu miðvikudaginn 5. mars kl.
14.00–16.00.

Á fundinum förum við yfir það með frábæru fólki hvar við stöndum og hvert við stefnum. Við hvetjum ykkur til mæta á fundinn og upplifa með okkur kraft, orku og framtíð flutningskerfisins.

Í kjölfar fundarins efnum við til veislu þar sem við munum fagna saman 20 árum af spennandi vegferð Landsnets, sem einkennst hefur af framsækni, krafti og ómetanlegu öryggi.

Nánari dagskrá fundarins verður kynnt þegar nær dregur.

SKRÁÐU ÞIG HÉR



Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet.is

Virðingafyllst.

Fyrir hönd Landsnets

Sími 5639300

**Með nýrri kynslóð
magnast spennan**

20
LANDSNET

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sigurjón Ingvason - FST <sigurjon@fjarskiptastofa.is>
Sent: föstudagur, 14. febrúar 2025 11:42
To: Sigurjón Ingvason - FST
Subject: Samnýting jarðvinnuframkvæmda sem styrktar eru af fjarskiptasjóði

Til sveitarfélaga:

Fjarskiptastofa minnir á að samkvæmt samningum fjarskiptasjóðs við sveitarfélög árið 2024, um styrki til jarðvinnuframkvæmda vegna ljósleiðaravæðingar þéttbýlisstaða, ber að gefa kost á samnýtingu framkvæmda í samræmi við 11. gr. skilmála fjarskiptasjóðs frá 2. júlí 2024 og 2. mgr. 8. gr. laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta nr. 125/2019.

Þegar upplýsingar liggja fyrir um fyrirkomulag, umfang og fyrirhugaða tímasetningu jarðvegsframkvæmda og frest til þess að óska eftir samnýtingu, þá skal sveitarfélag tafarlaust senda Fjarskiptastofu tilkynningu þar að lútandi, til birtingar á vefsíðu stofnunarinnar. Sveitarfélag skal jafnframt birta sams konar tilkynningu á sinni vefsíðu.

Meðal atriða sem koma þurfa fram í tilkynningu er eftirfarandi:

1. Sveitarfélag og þéttbýlisstað/byggðakjarna sem um ræðir
2. Aðili sem annast framkvæmd (sveitarfélag sjálft eða verktaki)
3. Staðsetning, umfang og tegund framkvæmdar (t.d. plæging eða skurðgröftur)
4. Áætlaður upphafstími og lokatími framkvæmda
5. Möguleg tilhögun samnýtingar
6. Frestur til að óska eftir samnýtingu
7. Tengiliður vegna verkefnisins

Fjarskiptastofa birtir tilkynningar sem berast frá sveitarfélögum á vefslóðinni:

<https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/fjarskiptainnvidir/fyrirhugadar-jardvegsframkvaemdir/>

<https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/tolfraedi-og-gagnasafn/frettasafn/frett/fr%C3%A9ttir/samnyting-jardvinnuframkvaemda-sem-styrktar-eru-af-fjarskiptasjodi-2025-02-14>

Með kveðju,

Sigurjón Ingvason
Lögfræðingur / Senior Legal Counsel
SÍMI / TEL (+354) 510 1500



Fjarskiptastofa

Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
510 1500 - fjarskiptastofa@fjarskiptastofa.is

www.fjarskiptastofa.is



[Fyrirvari/Disclaimer]